

Fundargerð

28. fundur fræðslu- og menningarnefndar haldinn í leikskólanum á Þórshöfn 11. desember 2008

kl. 17:00.

Mætt: Steinunn Guðnadóttir, Heiðrún Óladóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Hilma Steinarsdóttir, Guðni Örn Hauksson, Ólöf Arnmundsdóttir, Soffía Björgvinsdóttir, Jóhanna Sigríður Jónsdóttir og Sigurður Jóhannes Jónsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá.

1.Mál. Skýrsla skólastjóra Barnabóls.

Steinunn greindi frá því að leikskólinn er fullmannaður eftir að hún kom til baka úr afleysingakennslunni í grunnskólanum. Sigga og Lilja sóttu fagnámskeið fyrir leikskólakennara hjá Þekkingarsetri Þingeyinga í fjárfundarbúnaði grunnskólans og sagði Steinunn að það skilaði sér vel í þeirra starfi.

Í dag eru 21 barn á eldri deild og 14 á yngri deild. Steinunn er deildarstjóri yngri deildar en auk hennar er starfsfólk í 5 stöðugildum sem er í samræmi við lög og reglugerðir þar um.

2.Mál. Samvinna skólastiga.

Ellefu börn eru í elsta árgangi leikskólans, átta þeirra hefja að óbreyttu nám í Grunnskóla Þórshafnar næsta haust en þrjú í Svalbarðsskóla. Steinunn og Heiðrún eru að skipuleggja aðlögun þeirra að grunnskólanámi og eru m.a. að ræða að skiptast á að fara með elsta árganginn upp í grunnskóla og yngstu bekkina í leikskóla.

3.Mál. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn.

Heiðrún sagði frá því að um síðustu mánaðarmót komu þrír kennarar aftur til starfa og í kjölfarið var hægt að aðskilja 5. og 6. bekk í stærðfræði ásamt 1. og 2. bekk í sundi sem bæði hefur skilað góðum árangri.

Í dag eru 77 nemendur í skólanum og hefur fjölgað um 3 síðan í haust.

Nemendur úr grunnskólanum á Bakkafirði koma á þriðjudögum og miðvikudögum í sund og íþróttir sem er aukning frá því sem var. Þrátt fyrir að skólinn sé orðinn fullmannaður eru stundaskrár mjög þéttar og í veikindaforföllum eru afleysingar sveitarfélaginu frekar dýrar.

Nefndin beinir því til sveitarstjóra / stjórnar hvort það kæmi betur út að vera með afleysingakennara í hlutastarfi.

Einkunnir í samræmdum prófum eiga að koma í næstu viku og próf hefjast í janúar.

4.Mál. Samtíningur.

Fjárhagsáætlun 2009 og málefni tónlistarskóla rædd. Fram kom að skólastjórum hefur verið gert að skila sparnaðarhugmyndum til sveitarstjóra. Sigurður Kr. lagði eftirfarandi tillögu fram. „ Ef þörf er á sparnaði í

skólamálum legg ég til að ráðningu tónlistarkennara verði frestað þar til ástandið lagast en leik- og grunnskóla verði áfram sinnt af bestu getu“. Formaður bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt með þremur atkvæðum , tveir sátu hjá. SJJ lagði fram eftirfarandi bókun. „ Ég treysti því að stjórnendur grunn- og leikskóla leiti bestu leiða við komandi sparnaðaraðgerðir. Staða í ráðningum æskulýðs og menningarfulltrúa ásamt undirbúningi vegna uppbyggingarstefnu voru einnig rædd.

5.Mál. Önnur mál.

Skólanámskrá rædd. Fræðslunefnd óskar eftir því við sveitarstjórn að losna undan skyldum menningarnefndar.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:50.

Sigurður Ragnar Kristinsson, ritari.